

Minnisblað

15.07.2015

Tílefni

**Álftanes -Knattspyrnuvölur
Mat tilboða**

- 1) Jarðvinna, yfirborðsfrágangur og lagnir
- 2) Nýtt gervigras

Verknúmer

15225

Fundarritari

VÁÁ/vaa@vso.is

Yfirlit

Þriðjudaginn 14. júlí voru opnuð útboð í jarðvinnu, yfirborðsfrágang og fullnaðarfrágang lagna við knattspyrnuvöll á íþróttasvæðinu á Álftanesi. Í útboðsgögnum er gert ráð fyrir að verklok séu 10. september.

Föstudaginn 10. júlí voru opnuð tilboð í útvegum og fullnaðarfrágang á knattspyrnugrasi á sama völlum. Í útboðsgögnum er gert ráð fyrir að verklok séu 15. október.

Hér eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðu útboðanna tveggja eftir yfirferð þeirra.

Tilboð í jarðvinnu, yfirborð og lagnir

Í megindráttum felst verkið í jarðvinnu við undirbyggingu knattspyrnuvallar í fullri stærð (72x109m²), fullnaðarfrágangi snjóbræðslu undir endanlegt vallaryfirborð og tæknibúnaði hennar, frágangi yfirborðsins undir knattspyrnugras og malbikun 2m breiðrar malbiksraemu umhverfis vallarsvæðið.

Fjögur tilboð bárust í verkið frá eftirtöldum aðilum:

Loftorka	67.870.280	101,2%
SHV pípulagnir	74.657.400	111,3%
Bjössi ehf.	82.200.000	122,5%
Rökkvi verktakar ehf.	84.457.050	125,9%
Kostnaðaráætlun	67.095.460	100,0%

Lægstbjóðandi, Loftorka, er mjög reyndur jarðvinnuverktaki sem Garðabær hefur góða reynslu af. Loftorka sá m.a. um framkvæmdir við æfingavöllinn í Ásgarði sem fyrirtækið leysti með sóma. Mælt er til þess að tilboði Loftorku verði tekið.

Tilboð í nýtt knattspyrnugras

Alls bárust 13 tilboð í nýtt knattspyrnugras frá þremur aðilum. Verkið felst í útvegum á knattspyrnugrasi (72x109m²) með grænni innfyllingu og fullnaðarfrágangi þess ofan á undirbyggingu vallaarsvæðis.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir einstakar tilboðsupphæðir og gerð þess efnis sem boðið var.

Polytan -1	Polytan	Polytan Ligaturf 240 RS+ 16/4 EL 20mm - 6/15kg/m ² infill	Grænt RPU	46.346.783	580.416	46.927.199
Polytan -2	Polytan	Polytan Ligaturf 240 Ultimate Recticel 12mm - 6/15kg/m ² infill	Grænt RPU	44.149.343	580.416	44.729.759
Metatron -1	FieldTurf	360 XL 42 14/10 EL 25mm - 8/18kg/m ² infill	TPE grænt gúmmí	58.174.820	847.700	59.022.520
Metatron -2	FieldTurf	360 XL 42 14/10 EL 25mm - 6/18kg/m ² infill	Grænt SBR húðað	50.458.189	847.700	51.305.889
Metatron -3	FieldTurf	360 13/10 EL 25mm - 9/10kg/m ² infill	Grænt SBR húðað	48.550.622	847.700	49.398.322
Metatron -4	FieldTurf	Optimum 42mm 14/10 EL 25mm - 9/10kg/m ² infill	Grænt SBR húðað	49.578.216	847.700	50.425.916
Metatron -5	FieldTurf	500XL 42mm 10/10 EL 30mm - 6/10kg/m ² infill	EPDM grátt	60.878.879	847.700	61.726.579
Metatron -6	FieldTurf	Vertex 42mm 11/10 EL 25mm - 8/10kg/m ² infill	Grænt SBR húðað	51.420.905	847.700	52.268.605
Metatron -7	FieldTurf	360 XL 42 14/10 EL 15mm - 9/10kg/m ² infill	Grænt SBR húðað	45.870.891	847.700	46.718.591
Metatron -8	FieldTurf	360 XL 42 14/10 EL 15mm - 9/10kg/m ² infill	EPDM grátt	40.347.540	847.700	41.195.240
Altis -1	Edel grass	Edel Soccer Diamondblade 40-E/SS 25mm E-layer - 5/22/kg/m ² infill	SBR Green infill	49.432.362	655.000	50.087.362
Altis -2	Edel grass	Edel Soccer Diamondblade 40-E/SS 25mm E-layer - 5/22/kg/m ² infill	EPDM Green infill	55.995.149	655.000	56.650.149
Altis -3	Edel grass	Edel Soccer Future 42-EE/25mm E-layer - 5/22/kg/m ² infill	SBR Green infill	51.203.416	655.000	51.858.416

Tvö tilboðanna, nr. 5 og 8 frá Metatron, voru frávíkstilboð með gráu innfylliefni í stað græns innfylliefnis sem óskað var eftir í útboðsgögnum. Þau koma því ekki til greina við mat tilboðanna. Tilboð nr. 2 frá Polytan gerir ráð fyrir 12mm tilbúnum púða undir völinn sem verkkaupi hefur ekki áhuga á.

Þau 10 tilboð sem eftir eru uppfylla öll skilmála útboðsgagnanna en eru mismunandi mtt. gerð grasstráa, þéttleika og magns innfyllingar.

Lægstbjóðandi þeirra tilboða sem uppfylla kröfur útboðsgagna er Polytan (tilboð nr 1). Þessi bjóðandi hefur líkt og Metatron víðtæka reynslu við framkvæmdir við knattspyrnugras á Íslandi og hefur útvegað og lagt knattspyrnugras víða. Í sumar mun hann leggja gras í Egilshöllinni auk þess að endurnýja knattspyrnugrasið hjá knattspyrnufélaginu Þrótti. Knattspyrnugrasið frá Polytan kemur frá þekktum framleiðanda og uppfyllir þær kröfur sem útboðsgögn gera til þess.

Í ljósi þessa er lagt til að verkkaupi gangi til samninga við lægstbjóðanda, Polytan í knattspyrnugrasið „Polytan Ligaturf 240 RS+“, tilboðsupphæð 46.927.199.

Vilhjálmur Árni Ásgeirsson

Dreifing: Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar